

Sláturfélag Suðurlands svf.
Fosshálsi 1
110 Reykjavík

Reykjavík, 23. maí 2025
UOS2505259
11.11.01.

Ákvörðun um framlengingu á bráðabirgðaheimild – Sláturfélag Suðurlands svf.

Umhverfis- og orkustofnun vísar til umsóknar Sláturfélags Suðurlands svf., til Umhverfis- og orkustofnunar, þann 20. maí 2025 þar sem sótt er um framlengingu á bráðabirgðaheimild, sbr. 6. mgr. 7. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Umhverfisstofnun veitti Sláturfélagi Suðurlands svf., kt. 600269-2089 bráðabirgðaheimild vegna reksturs sláturhúss og brennsluofns að Fossnesi, Selfossi þann 25. maí 2024 og var henni markaður gildistími þar til starfsleyfi hefur verið gefið út en þó eigi lengur en til 25. maí 2025.

Umhverfisstofnun var lögð niður 31. desember 2024. Þann 1. janúar 2025 tók Umhverfis- og orkustofnun til starfa. Umhverfis- og orkustofnun tók við verkefnum, réttindum og skyldum, eignum og skuldbindingum Orkustofnunar og þess hluta af starfsemi Umhverfisstofnunar er lýtur að umhverfis- og loftslagsmálum, sbr. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 110/2024 um Umhverfis- og orkustofnun.

Fram kemur í umsókn Sláturfélags Suðurlands að afgreiðsla starfsleyfis hafi tafist vegna deilumáls milli Umhverfis- og orkustofnunar og heilbrigðisnefndar Suðurlands um hvort sé valdbært stjórnvald til að gefa út starfsleyfi fyrir starfseminni. Fyrirséð er að bráðabirgðaheimildin mun renna út áður en nýtt starfsleyfi hefur verið afgreitt. Með vísan í framangreint er farið fram á að bráðabirgðaheimildin verði framlengd.

Mál þetta á sér langan aðdraganda. Þann 5. desember 2023 barst Umhverfisstofnun umsókn rekstraraðila um starfsleyfi og var tillaga að starfsleyfi tilbúin þegar rekstraraðili afturkallaði starfsleyfisumsókn sína þann 9. apríl sl. Rökin fyrir afturköllun umsóknar voru þau að fyrirtækið hafi ákveðið að gera breytingar á innra skipulagi sem yrðu til þess að magnið af skrokkum færi undir viðmiðið 50 tonn af skrokkum á dag og væri því starfsleyfisskylt hjá heilbrigðisnefnd Suðurlands. Rekstraraðili sótti, í kjölfar afturköllunar, um starfsleyfi til heilbrigðisnefndar Suðurlands og var tillaga að nýju starfsleyfi auglýst þann 24. apríl sl. af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands. Umhverfis- og orkustofnun skilaði inn umsögn um starfsleyfistillöguna þann 13. maí sl. Í framhaldinu vísaði stofnunin ágreiningi um það hvort sé valdbært stjórnvald til útgáfu starfsleyfis rekstraraðila til fullnaðarúrskurðar ráðherra, sbr. 1. mgr. 66. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, þann 16. maí sl. Rekstraraðili starfar núna á grundvelli bráðabirgðaheimildar útgefinni af Umhverfisstofnun sem rennur út þann 25. maí nk. Þann 21. maí sl. áformaði Umhverfis- og orkustofnun að hafna umsókn SS þar sem ekki lægi fyrir

fullnægjandi umsókn hjá útgefanda starfsleyfis líkt og er áskilið í 3. mgr. 7. gr. a. laga nr. 7/1998. SS brást við og afturkallaði afturköllun á umsókn félagsins til stofnunarinnar. Fyrir liggur staðfesting frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands að málið sé á bið vegna kærumáls.

Meginregla stjórnssýsluréttar er að aðili máls hefur forræði á eigin stjórnssýslumáli þar til stjórnvaldsákvörðun hefur verið tekin. Umhverfis- og orkustofnun hefur ekki lokað starfsleyfismáli SS vegna kærumáls. Telur stofnunin því hægt að líta til þess að skilyrði um fullnægjandi umsókn sé uppfyllt þar sem fyrir liggur staðfesting á fullnægjandi umsókn frá 21. desember 2023.

Áform um framlengingu bráðabirgðaheimildarinnar voru auglýst á vefsíðu Umhverfis- og orkustofnunar þann 22. maí til 23. maí kl. 12:00. Engar athugasemdir bárust vegna áformanna.

Í ljósi framangreinds, þess að fyrir liggur fullnægjandi starfsleyfisumsókn og að enn sé brýn þörf til að halda áfram starfsemi hefur Umhverfis- og orkustofnun ákveðið að framlengja bráðabirgðaheimild Sláturfélags Suðurlands svf., kt. 600269-2089 vegna reksturs sláturhúss og brennsluofns að Fossnesi, Selfossi, sbr. 6. mgr. 7. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Framlengingin gildir þar til starfsleyfi hefur verið gefið út en þó eigi lengur en til 23. maí 2026. Framlend bráðabirgðaheimild verður bundin sömu skilyrðum og bráðabirgðaheimild dags. 21. maí 2024 og vísast efnislega til hennar.

Ákvörðun Umhverfis- og orkustofnunar um framlengingu bráðabirgðaheimildar er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvaðarinnar, skv. 65. gr. laga nr. 7/1998, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011.

Virðingarfyllst,

Sverrir Aðalsteinn Jónsson,
teymisstjóri

Rakel Sæmundsdóttir,
sérfræðingur